

Ár 2013, þriðjudaginn 15. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Samgöngustofu

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Samgöngustofu er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og verður á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 4. apríl 2013 frá verðandi forstjóra Samgöngustofu. Í bréfinu kemur fram að með lögum nr. 119/2012 um Samgöngustofu hafi ný stjórnarsýslustofnun samgöngumála verið stofnuð og taki hún til starfa 1. júlí 2013. Kveðið sé á um hlutverk og markmið hinnar nýju stofnunar í 1. gr. laganna. Samgöngustofa fari með stjórnarsýslu samgöngumála samkvæmt lögum og öðrum lögum sem stofnunin starfi eftir. Hún annist stjórnarsýslu og eftirlit er lúti að flugmálum, hafnamálum og málum er varði sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Í bréfinu segir að Samgöngustofa verði til úr fjórum stofnunum: Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Umferðarstofu og Vegagerðinni. Til að byrja með verði starfsmannafjöldinn um 160. Allir 47 starfsmenn Flugmálastjórnar flytjist til Samgöngustofu, 40 af 65 starfsmönnum Siglingastofnunar, allir 56 starfsmenn Umferðarstofu og 17 starfsmenn komi frá Vegagerðinni. Þannig leggist af embætti flugmálastjóra, siglingamálastjóra og forstjóra Umferðarstofu og til verði embætti forstjóra Samgöngustofu.

Í bréfinu kemur fram að meginhugmyndin með stofnun Samgöngustofu hafi verið að sameina þar alla stjórnarsýslu og eftirlit er lúti að samgöngumálum og aðskilja stjórnarsýslu frá framkvæmdum. Þá sé Samgöngustofu ætlað að ákveða kröfur um öryggi samgöngumannvirkja og annast ytra eftirlit hvað það varði með stofnunum ríkisins sem annast samgönguframkvæmdir, til dæmis Vegagerðinni og ISAVIA. Hingað til hafi stofnanir ríkisins sem annast samgönguframkvæmdir sett sínar öryggiskröfur sjálfar og verið undanþegnar ytra eftirliti.

Í bréfi forstjórans segir að Samgöngustofu sé ætlað mjög víðtækt hlutverk er varði eftirlit og framkvæmd laga á sviði samgangna. Henni sé falin mikil ábyrgð á að samgöngur á Íslandi séu öruggar og hagkvæmar en góðar samgöngur séu ein af grunnstoðum samfélagsins. Starf stofnunarinnar verði flókið og sérhæft. Stærsti hluti starfsmanna hennar verði sérfræðingar og verði hún að keppa við öflugra markaðsaðila um hæft starfsfólk. Einnig kemur fram í bréfinu að ákvarðanir Samgöngustofu muni oft varða mikla hagsmuni, til dæmis hjá flugfélögum og útgerðum skipa og verði því oft umdeildar og vísað til úrskurðar æðra stjórnvalds eða dómstóla.

Með bréfum dagsettum 24. apríl 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 7. maí 2013. Í bréfinu segir að Samgöngustofa sinni meðal annars stjórnarsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála. Myndun stofnunarinnar sé hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Forstjóri Samgöngustofu sé nýtt embætti sem enn hafi ekki verið birt á lista fjármálaráðherra yfir

forstöðumenn samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en verði birt á næsta lista yfir forstöðumenn.

Innanríkisráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 3. maí 2013. Í bréfinu er vísað til greinargerðar forstjórans og tekið undir það sem þar komi fram. Ljóst sé að starf forstjóra Samgöngustofu verði töluvert umfangsmeira en starf forstjóra Siglingastofnunar, bæði hvað varði verkefni og starfsmannafjölda.

Með bréfi dagsettu 13. maí 2013 fékk forstjóri Samgöngustofu sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og innanríkisráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Forstjórinn sendi kjararáði bréf dagsett 1. október 2013. Í bréfinu segir að sameiningin hafi reynst umfangsmeiri, flóknari og erfiðari en stjórnvöld hafi átt von á. Ein ástæðan sé sú að sökum erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hafi fyrirætlanir stjórnvalda um að sameina stofnunina á einum stað ekki gengið eftir. Það leiði til þess að mjög erfitt verði að skila þeim hagræðingarsparnaði sem ætlast var til. Einnig hafi sameining hugbúnaðarkerfa og gagnagrunna reynst flókin og erfið sem aftur hafi bitnað á daglegri starfsemi.

III.

Samkvæmt lögum nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála sem komu til framkvæmda 1. júlí 2013, er Samgöngustofa sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Með stofnun Samgöngustofu voru stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni Siglingastofnunar Íslands og öll verkefni Flugmálastjórnar Íslands og Umferðarstofu færð til hinnar nýju stofnunar, auk leyfisveitinga og umferðareftirlits sem áður voru á hendi Vega-gerðarinnar. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögunum kemur fram að markmiðin með endurskipulagningu samgöngustofnana hafi fyrst og fremst verið faglegur ávinningur og skýrari verkaskipting stofnana.

Samgöngustofa fer með stjórnsýslu samgöngumála samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 119/2012 og öðrum lögum sem hún starfar eftir. Samgöngustofa annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að flugmálum, hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Samgöngustofa skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Samgöngustofa annast framkvæmd laga á þeim sviðum sem undir hana heyra.

Meðal nýmæla í lögunum er að Samgöngustofa hefur eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra. Þá skal Samgöngustofa annast öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum.

Ráðherra skipar forstjóra Samgöngustofu til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á

vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er Samgöngustofa ný stofnun sem varð til í kjölfar heildarendurskoðunar á skipulagi samgöngustofnana. Við ákvörðun launa forstjóra stofnunarinnar hefur verið höfð hliðsjón af launum þeirra forstjóra sem stýrðu þeim samgöngustofnunum sem nú hafa verið lagðar niður, en tekið mið af auknu umfangi og verkefnum hinnar nýju stofnunar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Samgöngustofu skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2013 skulu mánaðarlaun forstjóra Samgöngustofu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 138, nú 845.205 krónur. Að auki skal greiða honum 31 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Samgöngustofu gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson